

Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Bolungarvík, 11. janúar 2019

Efni: Umsögn Náttúrustofu Vestfjarða um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.).

Vísað er til samráðsgáttar um mál nr. S-257/2018 þar sem boðið er upp á að senda inn umsagnir um málið.


Náttúrustofa Vestfjarða vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um drögin:

Í 2. mg 16. gr. þar sem kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli gefa Matvælastofnun mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína. Þar ætti að vera hægt að rekja framleiðslumagn fiskeldisstöðvar af slátruðum fiski fyrir hvert fiskeldissvæði á hverjum tíma. Í skýrslunni ætti jafnframt að vera skýr áætlun um upphaf slátrunar svo hægt sé að gera ráð fyrir tímasetningum á botnsýnatökum, þar sem ISO 12878 staðallinn gerir ráð fyrir botnsýnatöku í hámarkslífmassa.

Í 5. og 6. mgr. 16. gr ætti að vera skýrt að Matvælastofnun sé heimilt að fá þriðja aðila til að sjá um sýnatöku fyrir sig ef þeir hafa ekki tæki eða aðstöðu til þess.

Í kafla 7.1.8 um eftirlit með sníkjudýrum ætti að skylda rekstraraðila að fá þriðja aðila til að sinna talningum á laxalús reglulega í viðbót við talningar rekstraraðila til að sannreina þær talningar.

Virðingarfyllst, f.h. Náttúrustofu Vestfjarða



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Hulda Birna Albertsdóttir, starfandi forstöðumaður